

Viðtakandi: Íþrótt- og útilífsráð

Sendandi: Steinþór Einarsson, sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Reykjavík, 8. september 2026

MIR26060021

SKÝRSLA

Skýrsla – Kortlagning aðstöðumála og fjárframlaga til íþróttafélaga

Á fundi Íþrótt- og útilífsráðs þann 26. júní 2026 var samþykkt svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar um kortlagningu aðstöðumála og fjárframlaga til íþróttafélaga:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar í Íþrótt- og útilífsráði leggja til að fela sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs að kortleggja aðstöðumál og fjárframlög til íþróttafélaga. Er óskað eftir því að sviðsstjóri vinni að umræddri kortlagningu í samvinnu við starfsmenn menningar- og íþróttasviðs, Íþróttabandalags Reykjavíkur, eignasjóðs Reykjavíkurborgar og aðra þá aðila sem búa yfir nauðsynlegum upplýsingum varðandi aðstöðumál og fjárframlög til íþróttafélaga sem starfa innan Reykjavíkurborgar.

Sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs var í samræmi við tillöguna falið að leggja fram skýrslu með helstu niðurstöðum eigi síðar en 25. ágúst nk. Sviðsstjóri óskaði eftir framlengdum fresti sem ráðið veitti og var þá afraðið að skýrslu yrði skilað inn á fund Íþrótt- og útilífsráðs dags. 11. september 2026.

Þær upplýsingar sem birtast í eftirfarandi umfjöllun byggja á gögnum menningar- og íþróttasviðs en jafnframt var upplýsinga aflað frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR) og eignasjóði Reykjavíkurborgar.

1. Hverfaskipting íþróttafélaga og önnur sérgreinafélög

Í framkvæmd hafa s.k. hverfafélög, sem eru stærri íþróttafélög borginnar, skipt með sér hverfum borgarinnar. Hugmyndin hefur verið að hverfafélögin tryggi ákveðið framboð af íþróttum í nærumhverfi allra borgarbúa og bjóða þessi félög að jafnaði upp á a.m.k. þrjár einstaklings- eða hópíþróttagreinar til iðkunar í hverju hverfi. Í dag eru níu íþróttafélög talin til s.k. hverfafélaga. Þessi félög hafa öll a.m.k. eitt mannvirki til umráða og þeirra aðstaða er í flestum tilvikum nokkuð umfangsmikil. Í dag eru hverfisfélög Reykjavíkurborgar (RVK) níu talsins, þau eru: Ármann, Fjölnir, Fram, Fylkir, ÍR, KR, Valur, Víkingur og Þróttur.

Aðildarfélög ÍBR eru um sjötíu talsins og því eru mörg sérgreinafélög í Reykjavík. Þau eru af öllum stærðum og gerðum og teljast ekki öll styrkhæf þar sem þau bjóða ekki upp á formlegt æfingar- og keppnisstarf fyrir börn og ungmenni. Í þessari skýrslu eru listuð upp öll íþróttafélög sem teljast vera með styrkhæfa starfsemi.

2. Fjárframlög

Hverfisfélögin hljóta hæstu fjárframlögin enda með flesta iðkendur og umsvifamestu starfsemi. Sérgreinafélögin eru af öllum stærðum og gerðum. Þess má geta að sum sérgreinafélögunna halda úti mikilli starfsemi fyrir almenning tengt viðkomandi íþrótt sem þá nýta sér mannvirki viðkomandi félaga. Dæmi um slíka þjónustu og starfsemi er hjá Golfklúbbi Reykjavíkur (GR), Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur (TBR), Fákí og Klifurfélaginu. Þessi félög hljóta fjárframlög frá ÍBR/RVK s.s. vegna æfinga- og keppnishalds, íþróttafulltrúa og almennrar þjónustu. Einnig hljóta þau fjárframlög frá MÍR/RVK sem eru beint og/eða óbeint tengd rekstri mannvirkja, innri leigu, rekstri gras- og gervigrasvalla og/eða frístundastyrk iðkenda. Heildarfjárframlag RVK til allra íþróttafélaganna er um 5,4 ma.kr.

Minni íþróttafélög sem ekki teljast styrkhæf eða eru með mjög fáa iðkendur fá yfirleitt ekki bein fjárframlög utan frístundastyrksins en geta fengið úthlutað æfingartímum í íþróttamannvirkjum.

Þess má geta að Reykjavíkurborg er einnig að greiða innri leigu fyrir og/eða styrkja íþrótt- og æskulýðstengd félög sem ekki er skráð í ÍBR, s.s. Skáksamband Íslands og einstaka skátafélög, Skautafélag Reykjavíkur og falla því utan mörkunar þessarar kortlagningar. Einnig er stórir kostnaðarliðir sem ekki er unnt að skipta upp milli íþróttafélaganna svo sem leiga Íþrótt- og sýningarhallarinnar og Egilshallar sem og innri leiga og rekstur Laugardalsvallar. Heildarkostnaður RVK vegna þessa er um 2,6 ma. kr.

3. Iðkendafjöldi félaga

Iðkendatölur koma ekki úr einu samræmdu kerfi. MÍR styðst við „Abler“ (Abler) kerfið en ÍBR styðst við iðkendatölur sem félögin senda til ÍSí. Iðkendafjöldi úr Abler er sóttur úr kerfum sem Reykjavíkurborg hefur aðgang að vegna frístundastyrks. Sótt gögn m.v. skráningu árið 2025 og tekur hvoru tveggja til skráðra þátttakenda óháð því hvort viðkomandi skráður aðili hafi nýtt frístundastyrkinn sinn hjá viðkomandi félagi eða á öðrum stað. Athugist að einungis börn undir 18 ára geta nýtt sér frístundastyrk og því miða tölur við skráða þátttakendur í gegnum Abler aðeins við börn. Upplýsingaöflun ÍBR byggir á s.k. Lottó-tölum og styðst að miklu leyti til við upplýsingagjöf félaganna sjálfra. Niðurbrot á aldri m.v. skiptinguna börn/fullorðnir byggir jafnframt á upplýsingum frá ÍBR.

Í þessari skýrslu notum við Abler tölur fyrir iðkendur sem eru 18 ára og yngri, en ÍBR tölur fyrir heildariðkendafjölda. Stundum munar töluvert á tölum fyrir 18 ára og yngri en þess má geta að ÍBR tölur sýna iðkendur 16 ára og yngri.

4. Aðstöðumál – mannvirki og önnur íþróttaaðstaða

Til að kortleggja aðstöðu íþróttafélaga var stuðst við upplýsingar frá ÍBR, Eignasjóði og MÍR. Notaðir voru eftirfarandi litir til að marka tilhögun eignarhalds, sbr.:

Mannvirki/aðstaða í eigu Reykjavíkurborgar

Mannvirki/aðstaða í eigu þriðja aðila

Mannvirki/aðstaða í eigu íþróttafélags

Almennt gildir eftirfarandi um aðstöðuna:

- Félag sem er með starfsemi í mannvirkjum/aðstöðu sem eru í eigu Reykjavíkurborgar er að jafnaði að þiggja rekstrarstyrki til að sjá um reksturinn.
- Í þeim tilvikum þar sem íþróttafélag er með starfsemi í mannvirki/aðstöðu í eigu þriðja aðila er tilhögun stuðnings borgarinnar ýmist:
 - með þeim hætti að borgin leigir mannvirki/aðstöðu af þriðja aðila og heimilar félagi síðan gjaldfrjáls afnot
 - félagið er sjálft aðili að leigusamningi en stuðningur borgarinnar er þá í formi fjárframlags til að mæta leigu í heild/hluta.
- Þegar félag er með starfsemi í eigin mannvirki/aðstöðu greiðir borgin húsaleigubætur til að mæta afnotum í þágu íþróttastarfs.

5. Kortlagning íþróttafélaga

5.1. Hverfisfélög. Sjá viðauka 1.

5.2. Sérgreinafélög. Sjá viðauka 2.

Virðingarfyllst,
Steinþór Einarsson
Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Viðauki 1. Kortlagning hverfisfélaganna

Félag	Fjöldi iðkenda <18 ára (Abler)	Iðkendafjöldi alls (IBR)	Félagsaðstaða*	Samnýtt aðstaða	Fjárframlag alls	Fjármframlag án innri leigu
Fjölnir	2037	3613	Fimleikasalur í Egilshöll parketsalur í Egilshöll skautasvelli í Egilshöll karatesalur í Egilshöll lyftingarsalur í Egilshöll (verið að útbúa) frjálsíþróttaaðstaða í Egilshöll knattspyrnuvöllur með gervigrasi í Egilshöll Dalhús - körfuknattleiksvöllur grasvellir í Dalhúsum (x3)	Egilshöll ÍSH - frjálsíþróttahöll tennisvellir í Laugardal Grafarvogslaug Rímaskóli	496.183.378	221.014.301
Ármann	2029	3090	Félagsaðstaða fimleikasalur kastsvæði bardagasalur	ISH - Laugardalshöll ÍSH - Frjálsíþróttahöll Kennaraháskólinn Laugardalslaug - lyftingasalur Laugardalslaug Árbæjarlaug Grafarvogslaug MS Laugarnesskóli Skíðasvæði í Bláfjöllum + skíðaskáli Ármanns	315.157.390	154.345.045
ÍR	1477	2966	Félagshús Skógarseli parketsalur Skógarseli knathús frjálsíþróttavöllur gervigrasvöllur grasvöllur lyftingasalur bardagasalur	ISH - frjálsíþróttahöll keilusalur í Egilshöll Seljaskóli Breiðholtsskóli Skíðasvæðið í Bláfjöllum +skíðaskálinn Hengill	795.393.294	340.336.262
KR	1435	3097	Parketsalir Frostaskjóli (2) lyftingasalur gervigrasvellir (2) grasvellir (2) ATH: Fjölnota knathús – í framkvæmd	ISH - frjálsíþróttahöll Laugardalslaug Vesturbæjarlaug Sundhöllin Hagaskóli Melaskóli Skíðasvæðið í Bláfjöllum + Skálafell skíðaskáli	350.098.467	345.683.005
Víkingur	1319	2878	Parkethús í Víkinni parkethús í Safamýri gervigrasvellir (3) grasvellir (2) lyftingarsalur í Víkinni lyftingarsalur í Safamýri bardagasalur í Safamýri tennisvellir	Skíðasvæðið í Bláfjöllum + skíðaskálinn Hengill Réttarholtsskóli Álftamýrarskóli Hvassaleitisskóli	417.939.522	416.582.768
Valur	1253	3757	Parketsalir á Hlíðarenda (2) gervigrasvellir (3) grasvöllur lyftingarsalur ATH: Fjölnota parkethús – samningur frá 2023, í starfshóp til skoðunar	Hlíðaskóli MH	367.345.539	366.292.183
Fylkir	1225	2520	Fylkishöll gervigrasvellir (2) grasvöllur fimleikasalur Norðlingaholti bardagasalur Norðlingaholti	Egilshöll knathús ÍR Norðlingaskóli Selásskóli Árbæjarskóli	464.559.916	316.965.384
Þróttur	906	1548	Félagheimili Laugarból gervigrasvellir (3) grasvellir (3 svæði) tennisvellir í Laugardal	ISH - Laugardalshöll Kennaraháskólinn MS	350.583.980	234.598.438
Fram	889	2113	Parketsalur gervigrasvellir í Úlfarsárdal (2) grasvellir í Úlfarsárdal (2) lyftingarsalur	Egilshöll Ingunnarskóli Sæmundarskóli skíðaskáli í Bláfjöllum	861.668.837	253.822.123
Leiknir *	230	634	Félagshús Leiknis gervigrasvöllur Grasvöllur	Fellaskóli knathús ÍR Austurberg	252.007.806	128.100.178

* Leiknir er ekki skilgreint sem Hverfisfélag

4.670.938.129

Mannvirki/aðstaða í eigu Reykjavíkurborgar
Mannvirki/aðstaða í eigu þriðja aðila
Mannvirki/aðstaða í eigu íþróttfélags

Viðauki 2. Kortlagning sérgreinafélaga

Félag	Fjöldi iðkenda <18 ára (Abler)	Iðkenda fjöldi alls (IBR)	Félagsaðstaða*	Samnýtt aðstaða	Fjárframlag alls	Fjármframlag án innri leigu
GR	102	3487	Grafarholt: Básar - inni og úti æfingarsvæði 18 holu golfvöllur Korpúlfssstaðir: 27 holu golfvöllur 9 holu æfingavöllur æfingarsvæði		151.355.203	99.008.813
TBR	279	3330	Badmintonsalir (2) Borótennissalur		101.652.273	94.639.268
Klifurfélagið	308	3101	Klifurhúsið – Ármúla Klifuraðstaða f. útiklifur	Klifurveggur í íþróttahúsi Miðgarðs í Garðabæ	36.699.034	36.699.034
Fákur	48	1255	Reiðhöllin í Víðidal önnur aðstaða í Víðidal		119.225.356	33.360.248
Skylmingafélag Reykjavíkur	18*	808	Laugardalsvöllur - æfingarsalur		4.185.662	4.185.662
Skautafélag Reykjavíkur	326	770	Skautahöll - Lyftingasalur	Skautahöllin	24.332.829	24.332.829
Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey	14*	696	Aðstaða við Nauthólsvík Veturgeymsla úti í Gufunesi Flotbryggjaaðstaða í Reykjavíkurhöfn		6.485.641	5.355.593
Skvassfélag Reykjavíkur	12	533	Stórhöfði 17		27.726.642	27.726.642
Frisbigolf félag Reykjavíkur	4	492			3.024.593	458.000
Júðófélag Reykjavíkur	68	424	Ármúli 17 - bardagasalir		20.359.489	20.359.489
Íþróttafélagið Ösp	60	409		Klettaskóli - íþróttasalur Klettaskóli - sundlaug Keiluhöllin - Egilshöll Laugaból - Ármannsheimili Laugardalshöll - Frjálsíþróttasalur Knatthúsið Miðgarður - knattspyrnuvöllur Laugardalslaug - lyftingaraðstaða Skautasvellið - Egilshöll Laugardalslaug - inni laug	8.043.240	5.222.254
Íþróttafélagið Drekin	5	388	Skeifan 3 - æfingasalur		4.253.352	4.253.352
Hnefaleikafélag Reykjavíkur		383		World Class Breiðholt		
Lyftingafélag Reykjavíkur	7	361		Crossfit Reykjavík Faxafen 12	1.312.704	1.312.704
Hafna- og mjúkboltafélag Rvík	25	358		Réttarholtsskóli - íþróttasalur Tennishöllin Kópavogi - tennisvellir Vikin - tennisvellir	1.194.550	1.194.550
Glimufélag Reykjavíkur	178	347	Glimusalir við Viðarhöfða 2.		7.386.699	7.386.699
Sundfélagið Ægir	133	343		Laugardalslaug Breiðholtslaug	11.540.321	11.540.321
Aikikai Reykjavík	14	304	Ármúli 19 - bardagasalur		456.465	456.465

Viðauki 2. Kortlagning sérgreinafélaga – framhald

Félag	Fjöldi iðkenda <18 ára (Ablar)	Iðkenda fjöldi alls (ÍBR)	Félagsaðstaða*	Samnýtt aðstaða	Fjárframlag alls	Fjármframlag án innri leigu
Kraftlyftingafélag Reykjavíkur		199			1.312.704	1.312.704
Íþóttafélag fatlaðra í Reykjavík		189	Félagsaðstaða Íþróttasalur Lyftingasalur Bogfímivöllur	Laugardalslaug Sæmundarskóli parketsalur Skógarseli TBR	44.276.110	44.276.110
Karatefélag Reykjavíkur	87	175	Laugardalslaug - karatesalur		7.301.888	7.301.888
Aþena íþróttafélag ****	60	167	Geymslur Austurberg 3 líkamsræktaraðstaða Austurberg 3	Austurberg 3 - parkethús	63.815.848	3.438.517
Hjólreiðafélag Reykjavíkur	11	158		Stórhöfði 17	357.850	357.850
Karatefélag Þórshamar	45	139	Brautarholt 22 - bardagasalir		16.242.367	16.242.367
Vélhjólaiþróttaklúbburinn	16	134				
Vélhjólaiþróttaklúbburinn	16	134	Útisvæði		5.286.700	5.286.700
Frisbígolf félag Reykjavíkur	4**	492	Félagsaðstaða í Grafarholti. Frisbígolfvöllir eru staðsettir í: Fella- og Hólahverfi Fossvogsdal Grafarholti Grafarvogi – Gufunes Klambratúni Laugardal Seljadal Kjalarnesi	Breiðholtsskóli	2.624.593	58.000
Keilufélag Reykjavíkur		27		Keilusalur Eglíshöll		
Bogfímifélagið Freyja		88		Bogfímisetrið Dugguvogur 2	1.299.156	1.299.156
Ungmennafélag Kjalnesinga UMFK****	58	60	Fólksvangur Bergvík grasvöllur	Klébergslaug - íþróttasalur Klébergslaug - lyftingasalur Klébegslaug - sundlaug	48.697.933	13.862.461
Ju Jitsufélag Reykjavíkur	7	53	Ármúli 19 - bardagasalur		2.769.227	2.769.227
Skíðagöngufélagið Ullur	15	43	Nýting gönguskiðaspora á Höfuðborgarsvæðinu og í Bláfjöllum. Skáli Ullar í Bláfjöllum.	Ártúnsskóli	422.050	422.050
Hjólaskautahöllin	13				607.835	607.835
Brettafélag Reykjavíkur***			Hjólábrettagarður Dugguvogi 8 Útiaðstaða sem nýtist brettafélögum: Brettavöllur í Laugardal og við Gufunesbæ Hjólábrettapallur Kjalarnesi			

**mikið frávik í tölum "Ablar" og ÍBR

*** þetta félag er stofnað í stað Jaðars.
Nafnabreyting - starfsemi ekki í gangi
2025.

**** Fjárframlag MÍR aðallega innri leiga
(rekstur Austurbergs í gegnum Leikni)

*Mannvirki/aðstaða í eigu Reykjavíkurborgar

Mannvirki/aðstaða í eigu þriðja aðila

Mannvirki/aðstaða í eigu íþróttafélags

724.248.315

